

This American life

This American life er frásagnadrifinn þáttur þar sem tvær til þrjár sögur eru sagðar í hverjum þætti eftir ólíku þema. Hann var lengi vinsælasti útvarpsþáttur Bandaríkjanna. Þátturinn vann til Pulitzer-verðlauna nú í ár og var fyrstur til að hlotnast sá heiður í nýjum hlaðvarpsflokki verðlaunanna.

Ear Hustle

Ear Hustle var einmitt tilnefnt til Pulitzer verðlaunanna líka. Þetta hlaðvarp er framleitt í samstarfi við fanga í San Quentin fangelsinu og segir sögur af lífinu innan veggja þess og eftir að afplánun lýkur.

Ég vann í San Quentin fangelsinu, meðal annars með þeim Rashaan og Earlonne sem stýra hlaðvarpinu og er alls ekki hlutlaus en þetta er þó án efa eitt besta hlaðvarp sem komið hefur fram á síðustu árum.

Dolly Parton's America

Dolly Parton's America eru stórkostlegir þættir sem nota sögur af Dolly Parton til að útskýra Bandaríki dagsins í dag – eða kannski frekar Bandaríkin fyrir tíma veirunnar.

Switched on Pop

Stjórnendur þáttarins taka fyrir eitt lag og kryfja það til mergjar.

Song Exploder

Í Song Exploder gera tónlistarmenn slíkt hið sama við sína eigin smelli.

The Daily

The Daily er fréttaskýringarþáttur New York Times.

Hann er yfirleitt í viðtalsformi sem nýtir oft narratíva-uppbyggingu: það er viðmælandinn er fenginn til segja söguna „af því sem gerðist“.

Oft eru viðmælendurnir blaðamenn NYT og sem segja þá kannski söguna af viðtalinu sem þeir tóku fyrir blaðið, og upptökur þeirra af viðtalinu styðja svo við frásögn þeirra.

Hidden Brain

Hidden Brain notar gjarnan dæmisögur í bland við vísindi til þess að útskýra heiminn. Invisibilia fjallar um þau ósýnulegu öfl sem móta okkur, einnig í gegnum dæmisögur.

Radiolab

Radiolab gerir ótrúlegustu hluti – þeirra kennimerki er mikil hljóðskreyting og pródúsering. Radiolab er þátturinn sem sannar að útvarp er sjónrænn miðill.

Missing Richard Simmons

Missing Richard Simmons segir söguna af leit þáttastjórnandans að eróbikk goðinu Richard Simmons sem virðist hafa gufað upp.

Planet Money

Planet Money útskýrir fjár- og efnahagsmál á skemmtilegan, aðgengilegan og fræðandi hátt.